## VII. VIÐAUKI SEM UM GETUR Í 3. MGR. 84. GR.

## ÍSLAND – SKRÁ UM SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| Flokkun þjónustugeira er byggð á CPC-bráðabirgðavöruflokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna frá 1991 nema annað sé tekið fram. | | | |
| I. LÁRÉTTAR SKULDBINDINGAR | | | |
| ÞESSI SKRÁ NÆR YFIR ALLA GEIRA | | | |
| | 3) Tilkynna verður Seðlabanka Íslands um alla yfirfærslu gjaldeyris vegna hagskýrslugerðar.<br>Þjónustuveitendur skulu tilkynna viðskiptaráðuneytinu um fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi og Seðlabanka Íslands um fjárfestingar erlendra aðila í verðbréfum á Íslandi.<br>Krafist er sérleyfis frá viðskiptaráðuneytinu fyrir allar erlendar fjárfestingar erlends ríkis eða félaga/stofnana í eigu erlends ríkis. | 3) Meðferð, sem veitt er dótturfyrirtækjum félaga í þriðju löndum sem stofnuð eru í samræmi við lög EES-ríkis eða EFTA-ríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð í EES-ríki eða EFTA-ríki, er ekki látin ná til útibúa eða umboðsskrifstofa sem félag í þriðja landi kemur á fót í EES-ríki eða EFTA-ríki sýni þær fram á virk og varanleg tengsl við atvinnulíf í einu af EES-ríkjunum eða EFTA-ríkjunum.<br>Meirihluti stofnenda félaga með takmarkaðri ábyrgð verður að hafa búsetu á Íslandi nema viðskiptaráðuneytið veiti undanþágu frá þessari kröfu. Ríkisborgarar annarra EES- og EFTA-ríkja eru undanþegnir búsetuákvæðinu.<br>Framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna í öllum innlendum fyrirtækjum verða að hafa búsetu á Íslandi nema viðskiptaráðuneytið veiti undanþágu frá þessari kröfu Ríkisborgarar annarra EES- og EFTA-ríkja eru undanþegnir búsetuákvæðinu. | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| | | Þeir sem ekki eru búsettir í landinu mega einungis kaupa fasteign í tengslum við viðskiptastarfsemi sína og geta eingöngu fengið hefðbundinn eignarrétt sem tengist fasteigninni. Þeim sem ekki eru búsettir í landinu er því óheimilt að fá fullan eignarrétt á fasteign ef henni tengjast óvenjuleg réttindi svo sem nýtingarréttur á fossum, jarðhitaorku, o.s.frv. | |
| | | Samningar um eignarrétt og langtímanotkun þeirra sem ekki eru búsettir í landinu á fasteign gilda ekki nema að fenginni skriflegri áritun dómsmálaráðuneytisins. | |
| Allar atvinnugreinar: Flutningur starfsfólks | Tímabundið dvalarleyfi þjónustuveitenda | Tímabundið dvalarleyfi þjónustuveitenda | |
| | 4) Óbundið nema tímabundið dvalarleyfi eftirtalinna þjónustuveitenda sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækja, sem Ísland skal heimila án þess að krefjast þess að viðkomandi standist atvinnumarkaðsprófanir:<br>Stjórnendur: einstaklingar sem fyrst og fremst stýra rekstri stofnunarinnar sem heyrir undir samninginn, ákveða markmið hennar og hafa almennt frjálsar hendur við ákvarðanatöku. Stjórnendur vinna ekki með beinum hætti þau verk sem í raun tengjast því að veita þjónustuna. | 4) Óbundið nema að því er varðar ráðstafanir varðandi flokka einstaklinga sem um getur í dálkinum um markaðsaðgang. | |
| | Framkvæmdastjórar: einstaklingar sem stjórna stofnuninni sem heyrir undir samninginn eða deildum hennar og bera ábyrgð yfirmanns á þjónustuhlutverki stofnunarinnar með því að hafa umsjón og eftirlit, auk þess sem þeir hafa heimild til að ráða starfsfólk og segja því upp eða mæla með slíkum og öðrum aðgerðum er varða starfsfólk. | | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | Sérfræðingar: einstaklingar innan stofnunar sem hafa mikla sérfræðiþekkingu eða aðra mikilvæga sérþekkingu á þjónustu, rannsóknarbúnaði, tækni eða rekstri stofnunarinnar. | | |
| | Þjónustusalar: einstaklingar sem sækjast eftir tímabundnu dvalarleyfi sem fulltrúar þjónustuveitanda, sem heyrir undir samninginn, til að semja um sölu á þjónustu eða gera samninga um sölu á þjónustu fyrir þjónustuveitandann, enda beinist sölustarfsemin ekki að almenningi. | | |
| Allar atvinnugreinar: Styrkir (skilgreining á styrkjum hefur enn ekki verið ákveðin í tengslum við samningaviðræður samkvæmt XV. gr. samningsins um þjónustuviðskipti). | 3) Engar<br>4) Engar | 3) Heimilt er að takmarka rétt til styrkja við lögaðila með staðfestu á íslensku yfirráðasvæði. Styrkir til rannsókna og þróunar eru óbundnir.<br>4) Heimilt er að takmarka styrki til einstaklinga við íslenska ríkisborgara. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| II. SKULDBINDINGAR Í TILTEKNUM GEIRUM | | | |
| 1. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA | | | |
| a). Sérfræðiþjónusta | | | |
| Lögfræðiþjónusta<br>(Þeir hlutar CPC861 sem við eiga) | | | |
| — Lögfræðileg ráðgjöf um lög heimalandsins | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Félagar í Lögmannafélagi Íslands hafa einir rétt til að gæta hagsmuna málsaðila fyrir dómstólum á Íslandi.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 2) Engar<br>1),3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. Íslenskt próf í lögfræði eða ígildi þess. | |
| — Lögfræðileg ráðgjöf um þjóðarétt og erlend lög. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| b) Reikningshald, endurskoðun og bókhaldsþjónusta (CPC 862) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Íslenskt próf til löggildingar endurskoðunarstarfa eða ígildi þess. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| c) Skattaráðgjöf (CPC 863) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| d) Arkitektaþjónusta (CPC 8671) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| e) Verkfræðiþjónusta (CPC 8672) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| f) Samþætt Verkfræðiþjónusta (CPC 8673) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | 1) |
| g) Borgarskipulags- og landslagsarkitektaþjónusta (CPC 8674) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| i) Dýralækningaþjónusta (CPC 932) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. Fjöldi dýralækna í dreifbýli er takmarkaður. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Krafist er íslenskukunnáttu.<br>4) Krafist er íslenskukunnáttu. | 1) |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| B. Tölvuþjónusta og skyld þjónusta | | | |
| a) Ráðgjafarþjónusta varðandi uppsetningu vélbúnaðar (CPC 841) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| b) Þróun hugbúnaðar (þ.m.t.hugbúnaðarþjónusta) (CPC 842) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| c) Gagnavinnsluþjónusta (CPC 843) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Sérleyfis er þörf ef vinna á persónuupplýsingar utan íslenskrar lögsögu.<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| d) Gagnagrunnaþjónusta (CPC 844) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Sérleyfis er þörf ef vinna á persónuupplýsingar utan íslenskrar lögsögu.<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| e) Annað<br>— Viðhald og viðgerðir á skrifstofuvélum og búnaði, þ.m.t. tölvur (CPC 845)<br>— Önnur tölvuþjónusta (CPC 849) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Sérleyfis er þörf ef vinna á persónuupplýsingar utan íslenskrar lögsögu.<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| C. Rannsóknar- og þróunarþjónusta | | | |
| a) Rannsóknir og þróun í raunvísindum (CPC 851) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1),2) Krafist er leyfis til innflutnings á rannsóknarbúnaði.<br>Óheimilt er að flytja náttúrugripi úr landi nema að fengnu leyfi Náttúrugripasafns Íslands.<br>3),4) Engar | |
| b) Rannsóknir og þróun í félags- og hugvísindum (CPC 852) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1),2) Óheimilt er að flytja fornleifar úr landi nema að fengnu leyfi Safnaráðs.<br>3),4) Allar fornleifarannsóknir, hvort sem er af hálfu íslenskra eða erlendra rannsóknarmanna, eru háðar leyfi fornleifanefndar ríkisins. | |
| c) Þverfaglegar rannsóknir og þróun (CPC 853) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| D. Fasteignaþjónusta | | | |
| a) Fasteignaþjónusta með eigin eða leigðar eignir (CPC 821) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Tryggingarfé eða skaðabótatrygging vegna tjóns sem skjólstæðingur kann að verða fyrir. Leyfi til að veita þjónustu við fasteignasölu eru bundin hlutaðeigandi.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3),4) Viðkomandi skal hafa búið á Íslandi í eitt ár til að hljóta leyfi til að veita þjónustu við sölu á íbúðarhúsnæði og lóðum og aðra tengda milliliðaþjónustu við kaup og sölu fasteigna. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| b) Á grundvelli þóknunar eða samkvæmt samningi (CPC 822) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Tryggingarfé eða skaðabótatrygging vegna tjóns sem skjólstæðingur kann að verða fyrir. Leyfi til að veita þjónustu við fasteignasölu eru bundin hlutaðeigandi.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3),4) Viðkomandi skal hafa búið á Íslandi í eitt ár til að hljóta leyfi til að veita þjónustu við sölu á íbúðarhúsnæði og lóðum og aðra tengda milliliðaþjónustu við kaup og sölu fasteigna. | |
| E. Leiga/afnotaleiga án stjórnanda | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Leiguþjónustan verður að vera veitt af hlutafélögum með takmarkaða ábyrgð (eignarleigufyrirtækjum) eða skráðum viðskiptabönkum eða sparisjóðum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Meirihluti stjórnar eignarleigufyrirtækis skal vera búsettur á Íslandi. Framkvæmdastjóri skal vera búsettur á Íslandi og vera ríkisborgari á einhverju Norðurlandanna.<br>4) Engar | |
| a) Í tengslum við skip (CPC 83103) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Skilyrði fyrir því að skip sé skráð í skipaskrána er að það sé í eigu íslenskra einstaklinga eða íslenskra lögaðila með búsetu á Íslandi. Fiskiskip eru háð frekari takmörkunum sem varða þjóðerni.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| b) Í tengslum við loftfar (CPC 83104) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Skilyrði fyrir því að loftfar sé skráð í loftfaraskrá er að það sé í eigu íslenskra einstaklinga eða íslenskra lögaðila með búsetu á Íslandi.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| c) Í tengslum við önnur flutningatæki (CPC 83101 + 83102 + 83105) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Til reksturs bílaleigu er krafist búsetu í landinu<br>4) Til reksturs bílaleigu er krafist búsetu í landinu | |
| d) Í tengslum við aðrar vélar og búnað (CPC 83106 - 83109) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| e) Annað (CPC 832) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| F. Önnur viðskiptaþjónusta | | | |
| a) Auglýsingastarfsemi (CPC 871) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| b) Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir (CPC 864) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Sérleyfis er þörf ef vinna á persónuupplýsingar utan íslenskrar lögsögu.<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| c) Rekstrarráðgjöf (CPC 865) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| d) Þjónusta í tengslum við rekstrarráðgjöf (CPC 866) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| e) Tæknilegar prófanir og greining (CPC 8676) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| f) Þjónusta tengd landbúnaði, veiðum, og skógrækt (CPC 881) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| i) Þjónusta tengd framleiðslu (CPC 884 + 885 /nema 88442) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| k) Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta (CPC 872) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| m) Vísindaleg og tæknileg ráðgjöf sem tengist þessum greinum (CPC 8675) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| n) Viðhald og viðgerðir flutningatækja (CPC 633+8861-8866; að undanskildum hafskipum, loftförum eða öðrum flutningatækjum) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| o) Ræstingar á byggingum (CPC 874) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| p) Ljósmyndaþjónusta (CPC 875) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| q) Pökkunarþjónusta (CPC 876) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| r) Prentun og útgáfa (CPC 88442) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Krafist er búsetu í landinu til útgáfu dagblaða eða tímarita innan yfirráðasvæðis landsins. Ritstjórar verða að vera búsettir á landinu.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| s) Ráðstefnuþjónusta (CPC 87909) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 2. PÓST- OG FJARSKIPTAÞJÓNUSTA | | | |
| C. Fjarskiptaþjónusta | | | |
| a) Talsímaþjónusta<br>b) Pakkaskipt gagnaflutningsþjónusta<br>c) Rásaskipt gagnaflutningsþjónusta<br>d) Fjarritaþjónusta<br>e) Ritsímaþjónusta | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum | |
| f) Bréfasímaþjónusta<br>g) Leigurásaþjónusta<br>o) Annað | | | |
| – Farsíma- og einkafjarskiptaþjónusta | | | |
| Virðisaukandi þjónusta [1]<br>tölvupóstur,<br>talpóstur, upplýsinga- og gagnaheimt um beinlínutengingu,<br>rafræn gagnaskipti, umkóðun og útskipting á samskiptareglu. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 3. BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA TENGD HENNI | | | |
| A. Húsbyggingar (CPC 512) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| B. Bygging mannvirkja (CPC 513) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| Talsímaþjónusta, ritsímaþjónusta, fjarritaþjónusta, pakka- og línuskipt gagnaflutningsþjónusta, farsímaþjónusta, boðkerfisþjónusta og gervihnattaþjónusta er undanskilin. | | | |
| C. Lagnavinna og samsetningarvinna (CPC 514+516) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| D. Lokafrágangur á byggingum (CPC 517) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 4. DREIFINGARÞJÓNUSTA (að undanskildum viðskiptum með vopn, áfenga drykki, tóbak og lyf) | | | |
| A. Umboðssala (CPC 621) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| B. Heildsala (CPC 622) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| C. Smásala (CPC 631+632<br>+ 6111 + 6113 + 6121) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| D. Sérleyfi (CPC 8929) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 6. UMHVERFISÞJÓNUSTA | | | |
| A. Rekstur skólpveitna<br>(CPC 9401) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Krafist er leyfis til umhverfisframkvæmda.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undirláréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| * Óbundið vegna þess að það er ekki framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti. | | | |
| B. Sorphreinsun (CPC 9402) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Krafist er leyfis til umhverfisframkvæmda.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| C. Hreinsunardeildir og skyld starfsemi (CPC 9403) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| D. Annað (9409) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Krafist er leyfis til umhverfisframkvæmda.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 7. FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA<br>i. Ísland gengst undir skuldbindingar í fjármálaþjónustu í samræmi við „samkomulag um skuldbindingar í fjármálaþjónustu“ (samkomulagið).<br>ii. Skuldbindingar varðandi markaðsaðgang, að því er varðar þjónustumáta 1 og 2, eru bundnar í þessari skrá í sama mæli og skuldbindingarnar í B.3 og B.4 í samkomulaginu. | | | |
| A. Vátryggingastarfsemi og tengd þjónusta | | | |
| | 1) Íslensk vátryggingafélög og viðurkennd vátryggingafélög frá öðru EES- eða EFTA-ríki hafa einkarétt á því að bjóða frumtryggingar.<br>Tryggingamiðlarar sem viðskiptaráðuneytið viðurkennir eða tryggingamiðlarar sem lögbær stjórnvöld í öðru EES- eða EFTA-ríki viðurkenna hafa einkarétt á tryggingamiðlun.<br>2) Engar<br>3) Vátryggingafélög sem ekki hafa staðfestu í EES-ríki eða EFTA-ríki þurfa leyfi til þess að stofna útibú á Íslandi. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Meirihluti stofnenda vátryggingafélags þarf að vera með búsetu á Íslandi eða lögaðili skráður á Íslandi, ríkisborgari annars EES- eða EFTA-ríkis með búsetu í EES-ríki eða EFTA-ríki eða lögaðilar skráðir í EES- eða EFTA-ríki.<br>Stjórnendur og stjórnarmenn vátryggingafélaga skulu vera búsettir á Íslandi. Ríkisborgarar annarra EES- og EFTA-ríkja eru undanþegnir búsetuákvæðinu. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessari kröfu. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| | Allir fjárfestar, hvort sem þeir eru búsettir í landinu eða ekki, sem yfirtaka eða hyggjast yfirtaka virka eignarhlutdeild í vátryggingafélagi þurfa að tilkynna það með fyrirvara til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að að hafna yfirtökunni eða nýtingu eignarhalds telji það að yfirtakan muni hafa áhrif á trausta starfsemi fyrirtækisins.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | Stjórn útibússkrifstofa vátryggingafélaga utan EES skal vera í höndum fulltrúa sem hefur búsetu á Íslandi.<br>Tryggingamiðlarar verða að vera búsettir á Íslandi eða ríkisborgarar eða lögaðilar skráðir í öðru EES- eða EFTA-ríki eða búsettir í EES-ríki eða EFTA-ríki. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessari kröfu.<br>4) Engar | |
| B. Bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta<br>(að undanskilinni vátryggingastarfsemi) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Lánastofnanir og fyrirtæki sem stunda verðbréfaþjónustu sem hefur verið komið á fót í ríki utan EES eða í EFTA-ríki geta stofnað útibú eða umboðsskrifstofu, að fengnu leyfi frá Fjármálaeftirlitinu.<br>Lánastofnanir og fyrirtæki sem stunda verðbréfaþjónustu má einungis stofna sem félög með takmarkaða ábyrgð.<br>Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa einkarétt á móttöku innlánsfjár og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.<br>Opinberri verðbréfaútgáfu skal stýrt af verðbréfafyrirtækjum og öðrum aðilum sem hafa leyfi til að veita slíka þjónustu.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Innlendar fjármálastofnanir skulu veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um inneignir á reikningum þjónustuveitenda sem ekki eru búsettir á Íslandi.<br>2) Engar<br>3) Stofnandi lánastofnunar skal vera einstaklingur eða lögaðili búsettur á Íslandi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessari kröfu. Ríkisborgarar og lögaðilar annarra EES- og EFTA-ríkja eru undanþegnir búsetuákvæðinu.<br>Meirihluti stjórnenda og stjórnarmanna lánastofnana og fyrirtækja sem stunda verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða skal vera búsettur á Íslandi. Ríkisborgarar annarra EES- og EFTA-ríkja eru undanþegnir búsetuákvæðinu. Viðskiptaráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum ríkja utan EES eða EFTA sams konar undanþágur.<br>Þjónustuveitendur skulu tilkynna viðskiptaráðuneytinu um fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi og Seðlabanka Íslands um fjárfestingar erlendra aðila í verðbréfum á Íslandi.<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| 9. FERÐAÞJÓNUSTA OG TENGD ÞJÓNUSTA | | | |
| A. Hótel og veitingahús (þ.m.t. matsöluþjónusta) (CPC 641-643) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Veiting leyfis er háð skilyrði um búsetu.<br>4) Veiting leyfis er háð skilyrði um búsetu. | |
| B. Ferðaskrifstofur og aðilar í ferðaþjónustu (CPC 7471) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Tryggingarfé eða skaðabótatrygging vegna tjóns sem skjólstæðingur kann að verða fyrir vegna gjaldþrots.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3),4) Veiting leyfis er háð skilyrði um búsetu stjórnanda. | |
| C. Leiðsöguþjónusta fyrir ferðamenn (CPC 7472) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Einungis leiðsögumenn með búsetu á Íslandi hafa rétt til að starfa sem leiðsögumenn. Veita má leiðsögumönnum með búsetu erlendis sérstakt tímabundið leyfi. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| 10. TÓMSTUNDA-, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASTARFSEMI (önnur en hljóð- og myndmiðlun) | | | |
| A. Skemmtanaiðnaður (þ.m.t. leikhús, lifandi tónlist og fjölleikahús) (CPC 9619) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Markviss fjárstuðningur til sérstakrar staðbundinnar, svæðisbundinnar eða innlendrar starfsemi.<br>4) Engar | |
| B. Fréttastofuþjónusta (CPC 962) | 1),2),3) Engar, að því frátöldu að aðgangur að rekstrartengdum störfum/stjórnunarstörfum er háður ákvörðunarvaldi lögbærra stjórnvalda.<br>4) Þess er krafist að ritstjóri dagblaðs eða tímarits sé búsettur á Íslandi. Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| C. Starfsemi bókasafna, skjalasafna og annarra safna og önnur menningarstarfsemi (CPC 963) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Markviss fjárstuðningur til sérstakrar staðbundinnar, svæðisbundinnar eða innlendrar starfsemi<br>4) Engar | |
| D. Íþróttir og önnur tómstundastarfsemi (CPC 964) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Fjárhættuspil, spilakassar og svipuð starfsemi er háð leyfi. Atvinnuhnefaleikar eru bannaðir en áhugamannahnefaleikar leyfðir.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Markviss fjárstuðningur til sérstakrar staðbundinnar, svæðisbundinnar eða innlendrar starfsemi<br>4) Engar | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| 11. FLUTNINGAÞJÓNUSTA | | | |
| A. Flutningar á sjó<br>Þjónusta | | | |
| Millilandaflutningar (farmur og farþegar) CPC 7211 og 7212, þ.m.t. gestaflutningar 1). | 1) Engar<br>2) Engar<br>3)(a) Stofnun skráðs félags í því skyni að starfrækja flota sem siglir undir íslenskum fána: Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum.<br>b) Annars konar viðskiptanærvera 2): Engar<br>4)(a) Áhafnir skipa: Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum.<br>b) Lykilstarfsmenn ráðnir í tengslum við viðskiptanærveru eins og hún er skilgreind í b-lið þjónustumáta 3 að framan:<br>Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3)(a) Óbundið<br>b) Engar<br>4)(a) Óbundið<br>b) Óbundið | |
| Stoðþjónusta í sjóflutningum<br>— Vöruafgreiðsluþjónusta í sjóflutningum 3) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| — Vöru- og birgðageymsluþjónusta (CPC 742);<br>Tollafgreiðsla 4);<br>Gámastöð og geymslusvæði 5) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| – Þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga 6);<br>Flutningsmiðlun 7) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| – Önnur stoðþjónusta í tengslum við flutninga 8) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| * Skuldbinding er ekki framkvæmanleg að því er varðar þennan flutningsmáta. | | | |
| Stoðþjónusta sem sjóflutningsaðilar fara fram á. | | | Eftirtalin þjónusta býðst flutningsaðilum millilandaflutninga á sjó með sanngjörnum skilmálum og skilyrðum og án mismununar:<br>1. Hafnsaga<br>2. Dráttarþjónusta<br>3. Vistir, eldsneyti og vatn<br>4. Sorphirðing, losun kjölfestuvatns<br>5. Þjónusta hafnarstjóra<br>6. Leiðsöguþjónusta<br>7. Rekstrarþjónusta í landi sem nauðsynleg er fyrir nýtingu skipa, þ.m.t. fjarskipti, vatn, rafmagnsbúnaður<br>8. Aðstaða fyrir neyðarviðgerðir<br>9. Akkerislægi, skipalægi, þjónusta við komu skips í höfn<br>10. Meðhöndlun gáma, vöru- og birgðageymsluþjónusta, vöruflutningar |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | | | Ef vegaþjónusta, strandflutningar og tengd stoðþjónusta fellur ekki undir þessa skrá að öðru leyti skal fjölþátta flutningsaðili hafa tök á því að leigja, til skamms tíma eða leiguflutninga, vörubifreiðir og tengdan búnað í því skyni að flytja farm sem fluttur hefur verið sjóleiðis milli landa áfram innanlands, eða hafa aðgang að eða not af slíkri fjölþátta starfsemi til þess að geta veitt fjölþátta flutningaþjónustu. |
| C. Flutningar í lofti | | | |
| Viðhald og viðgerðir loftfara og hluta þeirra | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| Sala og markaðssetning | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| Tölvufarskráningarkerfi | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| * Óbundið vegna þess að það er ekki framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti. | | | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| F. Flutningar á vegum | | | |
| a) Farþegaflutningar (CPC 7121 + 7122) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Leyfis er krafist til landflutninga í viðskiptaskyni. Heimilt er að mæla fyrir um talnakvóta auk einkanytjaleyfa á tilteknum svæðum eða leiðum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| b) Farmflutningar (CPC 7123) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| c) Leiga atvinnuökutækja með stjórnanda (CPC 7124). | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| d) Viðhald og viðgerðir á tækjum til flutninga á vegum (CPC 6112+8867) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| e) Stuðningsþjónusta tengd flutninga á vegum (CPC 744) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| H. Stoðþjónusta við hvers konar flutninga | | | |
| b) Geymslu- og birgðageymsluþjónusta (CPC 742) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| c) Vöruflutningamiðlun (CPC 748) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| d) Annað (CPC 749) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Engar | |
| | * Óbundið vegna þess að það er ekki framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti. | | |

**Viðbótarskuldbindingar Íslands**

**Gildissvið**

Hér á eftir fara þær skilgreiningar og meginreglur um lagaramma fyrir grunnfjarskiptaþjónustu sem renna stoðum undir skuldbindingar Íslands um markaðsaðgang.

**Skilgreiningar**

Notendur: neytendur og veitendur þjónustu.

Nauðsynlegur búnaður: búnaður fyrir almennt fjarskiptanet og -þjónustu sem

a) einungis einn eða takmarkaður fjöldi þjónustuveitenda býður fram aðallega

og

b) sem annað getur ekki komið í staðinn fyrir, hvorki frá hagrænu né tæknilegu sjónarmiði, svo veita megi þjónustu.

Stór þjónustuveitandi: þjónustuveitandi sem getur haft efnisleg áhrif á skilmála um þátttöku (að því er varðar verð og framboð) á viðkomandi markaði fyrir grunnfjarskiptaþjónustu af því að hann:

a) hefur nauðsynlegan búnað til umráða, eða

b) nýtir sér stöðu sína á markaðnum.

1. Verndarráðstafanir varðandi samkeppni

1.1 Komið í veg fyrir samkeppnishamlandi starfshætti í fjarskiptum

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að stórir þjónustuveitendur, einir eða saman, taki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum.

1.2 Verndarráðstafanir

Samkeppnishamlandi starfshættir, sem um getur hér að framan, eiga einkum við um:

a) að eiga þátt í samkeppnishamlandi víxlniðurgreiðslum,

b) að nota upplýsingar sem fengnar eru hjá samkeppnisaðilum og hafa samkeppnishamlandi afleiðingar, og

c) að láta ekki uppi við aðra þjónustuveitendur í tæka tíð tæknilegar upplýsingar um nauðsynlegan búnað eða viðskiptaupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að veita þjónustuna.

2. Samtenging

2.1 Þessi kafli á við um tengingar við þjónustuveitendur sem láta í té almenn fjarskiptanet eða -þjónustu í því skyni að notendur eins þjónustuveitanda geti átt samskipti við notendur annars þjónustuveitanda og haft aðgang að þjónustu sem annar þjónustuveitandi veitir.

2.2 Samtenging tryggð

Innan marka leyfilegs markaðsaðgangs er samtenging við stóran þjónustuveitanda tryggð á hvaða punkti sem er í netkerfinu sem telst tæknilega mögulegur. Slík samtenging er veitt1:

a) án mismununar og með eigi lakari skilyrðum (þ.m.t. tæknistaðlar og -forskriftir), taxta eða gæðum en svipuð þjónusta hans eða svipuð þjónusta ótengdra þjónustuveitenda eða þjónusta til dótturfyrirtækja eða annarra fyrirtækja í eignartengslum 2:

b) tímanlega og með kjörum (þ.m.t. tæknistaðlar og –forskriftir), skilmálum og kostnaðartengdum taxta sem er gagnsær, sanngjarn með tilliti til þess sem er efnahagslega mögulegt og nægilega sundurgreindur til þess að þjónustuveitandinn þurfi ekki að greiða fyrir hluta nets eða búnaðar sem hann þarf ekki á að halda til þeirrar þjónustu sem veitt er; og

c) sé þess óskað, um punkta til viðbótar við þá nettengipunkta sem bjóðast flestum notendum, gegn gjaldi sem endurspeglar kostnað við smíði nauðsynlegs viðbótarbúnaðar.

2.3 Almennt aðgengi að reglum um samningaviðræður um samtengingu

Reglur sem gilda um tengingu við stóran birgi verða birtar opinberlega.

2.4 Gagnsæi fyrirkomulags samtengingar

Tryggt er að stór þjónustuveitandi birti opinberlega annað hvort samninga sína um samtengingu eða viðmiðunartilboð um samtengingu.

2.5 Samtenging: lausn deilumála

Þjónustuveitandi sem óskar eftir samtengingu við stóran þjónustuveitanda skal geta skotið máli sínu annaðhvort:

a) hvenær sem er, eða

b) eftir hæfilegan frest, sem auglýstur hefur verið opinberlega

til sjálfstæðrar innlendrar stofnunar, sem getur verið stjórnsýslustofnun, sbr. 5. mgr. hér á eftir, til að fá lausn á deilumálum um viðeigandi skilmála, skilyrði og taxta fyrir samtengingu innan sanngjarns tíma, að því marki sem þetta hefur ekki verið fastsett áður.

3. Alþjónusta

Hver aðili á rétt á að skilgreina þá tegund skuldbindingar um alþjónustu sem hann vill viðhalda. Slíkar skuldbindingar teljast ekki samkeppnishamlandi í sjálfu sér, svo framarlega sem þær eru reknar á gagnsæjan hátt, án mismununar og hlutlaust með tilliti til samkeppni og eru ekki meira íþyngjandi en nauðsyn krefur vegna þeirra tegundar alþjónustu sem aðilinn skilgreinir.

1 Þeir sem veita þjónustu eða aðgang að netkerfi, sem almenningur, t.d. lokaðir notendahópar, hefur alla jafna ekki aðgang að, hafa ábyrgðarrétt til tengingar við almennt fjarskiptanet eða -þjónustu með skilmálum, skilyrðum og taxta sem er án mismununar, gagnsær og kostnaðartengdur. Slíkir skilmálar, skilyrði og taxtar geta þó verið frábrugðnir skilmálum, skilyrðum og töxtum sem gilda um samtengingu milli almennra fjarskiptaneta eða -þjónustu.

2 Á Íslandi er heimilt að bjóða fjarskiptafyrirtækjum í hinum ýmsu hlutum markaðarins mismunandi skilmála, skilyrði og taxta á grundvelli innlendra ákvæða um leyfisveitingu sem eru án mismununar og gagnsæ, svo framarlega sem unnt er að rökstyðja slíkan mismun á hlutlægan hátt á þeim forsendum að þjónustan sé ekki „svipuð þjónusta“.

4. Almennur aðgangur að viðmiðunum um leyfi

Þegar leyfis er krafist er veittur almennur aðgangur að eftirfarandi:

a) upplýsingum um allar viðmiðanir um leyfi og frest sem venjulega er veittur til ákvarðanatöku varðandi leyfisumsókn og

b) skilmálum og skilyrðum fyrir rekstrarleyfum.

Umsækjanda er gerð grein fyrir ástæðum synjunar um leyfi, að beiðni hans.

5. Óháð eftirlitsyfirvöld

Viðkomandi stjórnsýslustofnun skal vera aðskilin frá birgjum í grunnfjarskiptaþjónustu og ekki þurfa að skýra gerðir sínar fyrir þeim. Ákvarðanir og málsmeðferð eftirlitsyfirvalda skulu vera óhlutdrægar að því er varðar alla þátttakendur á markaði.

6. Úthlutun og nýting takmarkaðra auðlinda

Öllum reglum um úthlutun og nýtingu takmarkaðra auðlinda, þ.m.t. tíðni, fjöldi og athafnaréttur, skal framfylgt af hlutlægni, tímanlega, með gagnsæjum hætti og án mismununar. Upplýsingar um núverandi stöðu úthlutaðra tíðnisviða skulu vera aðgengilegar öllum en þess er ekki krafist að gefin sé upp tíðni sem úthlutað er til sérstakra nota stjórnvalda.

## FYLGISKJAL

## SKÝRINGAR VIÐ FLUTNINGA Á SJÓ

„Sanngjarnir skilmálar og skilyrði án mismununar“: að því er fjölþátta flutninga varðar, að fjölþátta flutningsaðili hafi tök á að annast flutning á vörum sínum tímanlega, þ. m. t. með því að fá forgang umfram aðrar vörur sem komu síðar til hafnar en vörur hans. „Fjölþátta flutningsaðili“: aðili sem farmbréf/flutningsskjal fyrir fjölþátta flutning, eða annað skjal til sönnunar á samningi um fjölþátta flutning á vörum, er gefið út fyrir og sem er ábyrgur fyrir flutningi á vörum samkvæmt flutningssamningi.

1. „Gestaflutningar“: farþega- og vöruflutningar á sjó, milli hafna á Íslandi.

2. „Annars konar viðskiptanærvera sem hefur þann tilgang að veita alþjóðlega sjóflutningaþjónustu“: að þjónustuveitendur hins samningsaðilans í alþjóðlegum sjóflutningum hafi tök á því að stunda alla starfsemi á viðkomandi stað sem nauðsynleg er til þess að geta veitt viðskiptamönnum þeirra, að hluta eða að fullu, samþætta flutningaþjónustu þar sem sjóflutningar gegna mikilvægu hlutverki. (Ekki ber þó líta svo á að þessi skuldbinding takmarki á nokkurn hátt skuldbindingar um afhendingarmáta yfir landamæri).

   Þessi starfsemi nær yfir en takmarkast ekki við:

   a) markaðsetningu og sölu á sjóflutningaþjónustu og skyldri þjónustu með beinum samskiptum við viðskiptamenn, frá því að söluverð er tilgreint þar til vörureikningar eru gefnir út, þegar þjónustuveitandinn sjálfur eða þjónustuveitendur, sem þjónustusali hefur gert fast viðskiptasamkomulag við, veita eða bjóða þessa þjónustu,

   b) kaup, fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptamanna sinna (og endursölu til viðskiptamanna þeirra), á öllum flutningum og skyldri þjónustu, þ.m.t. flutningaþjónusta innanlands með hvaða þjónustumáta sem er, einkum eftir skipgengum vatnaleiðum, vegum og járnbrautum, sem er nauðsynlegur til að unnt sé að veita samþætta þjónustu,

   c) gagnafærslu varðandi flutningsskjöl, tollskjöl eða önnur skjöl sem tengjast uppruna og eiginleikum fluttra vara,

   d) miðlun viðskiptaupplýsinga með hvaða hætti sem er, þ.m.t. um tölvuvætt upplýsingakerfi og með rafrænum gagnaskiptum (með fyrirvara um ákvæði viðaukans um fjarskipti),

   e) að koma á hvers konar viðskiptafyrirkomulagi (þ.m.t. hlutdeild í vörubirgðum fyrirtækis) og ráða starfsfólk á viðkomandi stað (eða, ef um er að ræða erlent starfsfólk, með fyrirvara um lárétta skuldbindingu um för starfsfólks) hjá skipafélagi á staðnum,

   f) fyrir hönd fyrirtækja sem skipuleggja komu skips til hafnar eða viðtöku farms þegar þess gerist þörf.

3. „Vöruafgreiðsluþjónusta í sjóflutningum“: starfsemi stunduð af fyrirtækjum sem veita losunarþjónustu, þ.m.t. rekstraraðilar endastöðva, en þó ekki bein starfsemi við höfnina þegar um er að ræða störf vinnuafls sem ekki skipulögð á vegum fyrirtækja sem veita losunarþjónustu eða rekstraraðila endastöðva. Starfsemin sem þetta tekur til felst í skipulagningu og eftirlit með:

   lestun/losun farms í/úr skipi,

   festingu/leysingu farms,

   móttöku/sendingu og vörslu farms fyrir flutning eða eftir losun.

4. „Tollafgreiðsluþjónusta“ (einnig „tollmiðlunarþjónusta“): starfsemi sem felst í frágangi formsatriða vegna tollafgreiðslu fyrir hönd annars aðila að því er varðar innflutning, útflutning eða í gegnum farmflutning, hvort sem sú þjónusta telst aðalstarfsemi þjónustuveitanda eða vanaleg viðbót við aðalstarfsemi hans.

5. „Þjónusta við gámastöðvar og geymslusvæði“: starfsemi sem felst í geymslu gáma, á hafnarsvæðum eða inni í landi, með hleðslu/tæmingu og viðgerðir fyrir augum og undirbúning til flutnings.

6. „Þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga“: starfsemi sem felst í því að gæta viðskiptahagsmuna, sem umboðsaðili á tilteknu landsvæði, eins eða fleiri skipafélaga, í eftirfarandi tilgangi:

   markaðssetning og sala á sjóflutningaþjónustu og skyldri þjónustu, frá því að söluverð er tilgreint þar til vörureikningar eru gefnir út, fyrir hönd fyrirtækjanna; kaup og endursala á nauðsynlegri skyldri þjónustu, gagnafærsla varðandi flutningsskjöl og miðlun viðskiptaupplýsinga,

   fyrir hönd fyrirtækja sem skipuleggja komu skips til hafnar eða viðtöku farms þegar þess gerist þörf.

7. „Flutningsmiðlun“: starfsemi sem felst í skipulagningu og eftirliti með flutningaþjónustu fyrir hönd sendanda með kaupum á flutningi og skyldri þjónustu, gagnafærslu varðandi flutningskjöl og miðlun viðskiptaupplýsinga.

8. „Önnur stuðnings- og stoðþjónusta í tengslum við flutninga“: þjónusta farmmiðlara, endurskoðun reikninga og upplýsingar um farmgjöld, þjónusta tengd gerð flutningsskjala, pökkun, stöflun, röðun og afstöflun, farmskoðun, vigtun og úrtak og móttaka og samþykki farms (þ.m.t. að sækja og afhenda á staðnum).